

Grálúða:

US cent á lb. cif.

Heilfr.	28.50
Blokk	37.20

Heilfr. fiskur 14.06

Verðbil verði 2.5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. janúar 1972.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Dórður Ásgeirsson.

Nr. 35.

2. febrúar 1972.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jónasar Oddssonar, lækni, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. febrúar 1972. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jónasar Oddssonar, lækni.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jónasar Oddssonar, lækni.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af systkinum Jónasar Oddssonar, lækni á Akureyri, sem lézt að heimili sínu þar í bæ 11. júlí 1971, 39 ára að aldri. — Stofnframlag sjóðsins er kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur —. Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt, sem stjórn hans telur hyggilegt hverju sinni.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins, stofnframlag og það, sem við hann bætist, má aldrei skerða. Það fé, sem sjóðnum kann að áskotnast með gjöfum, áheitum, sölu minningarspjalda, eða á annan hátt skal leggjast við höfuðstólinn. Vöxtum einum má ráðstafa í því skyni að fullnægja markmiði sjóðsins skv. 4. gr. Stjórn sjóðsins ákveður hversu stórum hluta vaxtanna skuli verja í þessu skyni hverju sinni.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styðja líknarstarfsemi á Norðurlandi. Stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni, hvernig ráðstöfunarfé sjóðsins verði varið, enda fari sú ákvörðun ekki í bága við markmið sjóðsins. Að jafnaði skal úthlutun ráðstöfunarfjár fara fram á fæðingardegi Jónasar Oddssonar 21. febrúar ár hvert. Heimilt er að veita einstaklingum og félagssamtökum styrki úr sjóðnum, svo og sjúkra- og líknarstofnunum o. s. frv.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn og færa inn í hana skipulagsskrá þessa, styrkveitingar og annað, sem varðar starfsemi sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal að jafnaði einn tilnefndur úr hópi stofnenda eða niðja þeirra, eða niðja Jónasar Oddssonar, einn skal tilnefndur af læknum á Akureyri og einn af bæjarstjórn Akureyrar. Stjórnin skiptir með sér verkum. Endurskoðun reikninga sjóðsins skal árlega framkvæmd af hæfum og óvilhóllum endurskoðendum.

7. gr.

Heimilt er í samráði við dómsmálaráðuneytið að breyta einstökum ákvæðum skipulagsskrár þessarar, enda beri brýna nauðsyn til.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Gert í októbermánuði 1971.

Anna Oddsdóttir. Ásgeir Oddsson. Jón H. Oddsson.
Magnús Oddsson. Ragnheiður Oddsdóttir. Sigurður Oddsson.
Margrét Oddsdóttir. Guðrún Oddsdóttir.

F. h. Elínar Oddsdóttur, skv. sérstöku umboði
Anna Oddsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 41 24. marz 1956, um happdrætti
Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.**

1. gr.

Í stað 2. mgr. 1. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
Ágóði happdrættisins skal renna í byggingarsjóð aldraðs fólks. 60% ágóðans skal þó varið til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt skal þó stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

Hinn 31. maí ár hvert skal happdrættið greiða í byggingarsjóð aldraðs fólks sem svarar helmingi nettóhagnaðar happdrættisins árið á undan, en endanlegt uppgjör fari fram eigi síðar en 30. nóvember ár hvert.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samanlagt 4800 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti kr. 70 200 000.00 miðað við smásöluverð. Stjórn D.A.S. ákveður vinningatöluna og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Verðmæti vinninga að meðaltali í hverjum flokki skal vera svipað.